

Sif Cosmetics fær vottun

Skrifað af: Administrator

Priðjudagur, 10. mars 2015 00:00

Nýverið fékk íslenska nýsköpunarfyrirtækið Sif Cosmetics ehf. vottun á gæðastjórnunarkerfi sitt samkvæmt stöðlunum ÍST ISO 9001 og ISO 22716. Fyrirtækið, sem stofnað var árið 2009, framleiðir hágæða húðvörur á vísindalegum grunni með virkni, öryggi og hreinleika að leiðarljósi. Húðvörur fyrirtækisins innihalda frumuvaka sem stuðla að endurnýjun húðfruma. Frumuvakarnir eru sérvirk prótein sem framleidd eru í samstarfi við ORF Líftækni hf., sem þróað hefur nýstárlega aðferð til að nýta fræ byggplöntunnar sem smiðju fyrir framleiðslu frumuvaka.

Hið vottaða gæðastjórnunarkerfi Sif Cosmetics ehf. nær til framleiðslu og dreifingar á húðvörum. Nánari upplýsingar um fyrirtækið og vörur þess má finna á heimasíðunni www.egf.is. Á myndinni hér að neðan afhendir Kjartan J. Kárason framkvæmdastjóri Vottunar hf. Kristni D. Grétarssyni forstjóra og Sigríði Hjörleifsdóttur gæðastjóra Sif Cosmetics ehf. vottorðið.

